



FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR

Garðaskóli

# Valgreinar

Skólaárið 2019-2020

## Innihald

Hópakerfi Garðaskóla .....	3
Ferðir .....	3
Valgreinar .....	4
Undanþágur frá valgreinum .....	5
Valið fyrir 2019-2020 í hnotskurn fyrir 10. bekk .....	6
Valið fyrir 2019-2020 í hnotskurn fyrir 9. bekk .....	6
Val í Innu.....	7
Boðið til veislu (BOÐ 1101).....	8
Eðlisfræði (EÐL 1102) .....	8
Eldsnögg eldamennska (ELD 9101).....	9
Enska og kvikmyndir 1 (EKV 3102) .....	9
Enska og kvikmyndir 2 (EKV 1102) .....	10
Enski boltinn (EBO 3101) .....	11
Fatahönnun 1 (FAT 9102).....	11
Fatahönnun 2 (FAT 1102).....	12
Félagsmálaval (FÉL3102) .....	12
Fjallamenska og gönguferðir (FJA 3102) .....	13
Forritunar og hönnunarkeppni grunnskóla (FOH 1102).....	13
Forritun og hönnun Eve3 vélmennis (FOH 9101) .....	13
Franska og frönsk menning (FRA 1101).....	14
Golf GKG (GOL 3101) .....	14
Heilsuæði með heilsufæði (HMH 3101) .....	14
Heimanám í stærðfræði (STÆ 3101) .....	15
Heimspeki (HEM 3101).....	15
Hjólakraftur (HJÓ 3102).....	16
Hlaðvarp/Podcast (HLA 3101) .....	16

Hljóðfæra- og hljómsveitarkennsla (HLJ 3102) .....	16
Hönnun og tækni 1(HÖN 9101).....	17
Hönnun og tækni 2(HÖN 1101).....	17
Iðnfræði (3102).....	18
Íslendinga sögur (ÍSL 3101).....	18
Jafnréttisfræðsla (JAF 3101) .....	19
Kór (KÓR 3102) .....	19
Kvikmyndalæsi (KVL 3102) .....	19
Leir – skúlpúr – hönnun (LSH 3102) .....	20
Leiðtogafærni (LEI 3101) .....	20
Líffræði mannsins (LÍF 1102) .....	21
Ljósmyndun (LJÓ 3101) .....	21
Lopapeysan (PRJ 3101).....	21
Lærum að forrita saman (FOR 3101).....	22
Málfræði grunnur (MÁL 3101) .....	22
Myndasögugerð (MGE 3101) .....	23
Myndlist (MYN 3102).....	23
Myndskreytingar og sögugerð (MOS 3101) .....	23
Nemendaráðgjöf (NEM 3101) .....	24
Nýsköpun og vöruþróun (NÝS 3101) .....	25
Rafmögnuð tónlist (RAF 3101) .....	25
Royal København (CHP 1102).....	26
Sálfræði (SÁL 1101) .....	26
Síðari heimsstyrjöldin (SHE 1102) .....	27
Skartgripagerð og föndur í smíðastofunni (SKA 3101) .....	27
Skipulagt tómsundastarf utan skóla (TÓM 3102) .....	28
Slökun (SLÖ 1101).....	28
Smíði og nýsköpun (SMÍ 3102) .....	29

Stjarnan í samstarfi við Garðaskóla	Fimleikar (FIM 3102).....	30
Stjarnan í samstarfi við Garðaskóla	Handknattleikur (HAN 3102) .....	30
Stjarnan í samstarfi við Garðaskóla	Knattspyrna (KNA 3102) .....	30
Stjarnan í samstarfi við Garðaskóla	Körfubolti (KÖR 3102).....	30
Tímavélin (TÍM 9101).....		30
Tónlistarsaga (TÓN 3101).....		31
Verk- og listgreinaval Tækniskólans í Hafnarfirði (TÆK 1103).....		31
Verkleg náttúrufræði (NAT 1101).....		32
Þýska (ÞÝS 1102).....		33

## Hópakerfi Garðaskóla

Í 9. og 10. bekk í Garðaskóla er hópakerfi sem byggt er upp á áþekkan máta og áfangakerfi fjölbrautaskóla. Nemendur raðast í val- og skyldunámsgreinar eftir námslegum þörfum og áhuga í námi og stundatafla hvers nemanda er sniðin að hans óskum og þörfum. Hver nemandi þarf að sækja 23-24 kennslustundir á viku auk yndislesturs og umsjónartíma (hver kennslustund er 55 mínútur) og allir taka a.m.k. eina list- eða verkgrein í val á hvoru ári.

## Ferðir

Í fjórum kjarnagreinum (dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði) er nemendum raðað í hópa eftir frammistöðu og námslegum þörfum. Þessir hópar eru kallaðir ferðir. Fagkennarar raða nemendum í ferðir í hverri grein. Tekið er mið af námsmati að vori. Innan hvernar greinar eru sett ákveðin viðmið um þá hæfni nemenda sem gert er ráð fyrir að vinna með í hverri ferð. Ferðakerfið gerir skólanum kleift að mæta þörfum allra nemenda á einstaklingsmiðaðan hátt. Nemandi getur verið í hægferð í ensku en flugferð í stærðfræði, allt eftir eigin getu og áhuga.

Ferðakerfið er sveigjanlegt og nemendum gefst kostur á að flytjast milli ferða ef árangur þeirra breytist.

Skipt er í þrjár mismunandi ferðir en áherslumunur er á útfærslum eftir fagdeildum:

**Hraðferðir** miðast við nemendur sem hafa náð þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru fyrir árganginn í skólanámskrá, eru sterkir námsmenn í viðkomandi fagi og hafa metnað til að vinna vel í námsgreininni. Hóparnir eru fjölmennir og gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð.

Fagdeildir útfæra hraðferðirnar á mismunandi hátt. Í dönsku miðast hraðferðir við að nemendur nái framúrskarandi hæfni við lok grunnskólans. Í íslensku, stærðfræði og ensku eru hraðferðir nýttar til að ljúka yfirferð um námsefni grunnskólans í lok 9. bekkjar og vinna samkvæmt hæfniviðmiðum framhaldsskólans í 10. bekk:

- **Flugferðir í 9. bekk** eru í boði í ensku, íslensku og stærðfræði og miðast við duglega og afkastamikla nemendur sem sýna framúrskarandi hæfni. Í flugferðum ljúka þeir yfirferð um námsmarkmið 9. og 10. bekkjar í faginu. Þeir geta síðan sótt um nám í fjölbrautaáföngum í 10. bekk hafi þeir staðist kröfur um lágmarksárangur.
- **Fjölbrautaáfangar í 10. bekk** samsvara áföngum á hæfniprepi 2 í framhaldsskóla. Þá er hægt að stunda í ensku, íslensku, stærðfræði að afloknum flugferðum í 9. bekk. Nemendur sem ljúka þessum áföngum geta fengið nám sitt metið til eininga við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og jafnvel fleiri skóla. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að nemendur stundi fjarnám við framhaldsskóla hafi þeir lokið grunnskólaprófi í öðrum faggreinum.

**Miðferðir og mið/hraðferðir** miðast við nemendur sem eru á réttu róli gagnvart hæfniviðmiðum árgangsins í viðkomandi námsgrein. Hóparnir eru mis stórir.

**Hægferðir** miðast við nemendur sem eiga nokkuð í land með að ná hæfniviðmiðum árgangsins í viðkomandi námsgrein. Farið er hægar yfir námsefni og meiri stýring er á vinnu nemenda. Hóparnir eru fámennir. Kennsluáætlun hægferðarhópa gerir oft ráð fyrir því að nemendur séu með frávík frá almennum námsmarkmiðum árgangsins. Ákvarðanir um aðlagað námsefni og námsmat eru ávallt teknar í samráði við forráðamenn nemenda.

## Valgreinar

Í 9. og 10. bekk gefst nemendum kostur á að velja sér valgreinar. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og miða við áhugasvið og framtíðaráform hans. Val nemenda fer fram í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara. Því miður er ekki hægt að verða við óskum allra en takmarkaður fjöldi kemst í hvern hóp. Mjög mikilvægt er að val nemenda sé vel ígrundað svo ekki þurfi að gera breytingar eftir að búið er að útbúa stundatöflu fyrir hvern og einn.

Nemendur og foreldrar eru hvattir til þess að lesa vel þennan bækling og kynna sér upplýsingar um námsbrautir og inntökuskilyrði í framhaldsskóla á Menntagáttinni:

<https://www.menntagatt.is/>

Námsráðgjafar veita ráðgjöf um námsval og einnig geta kennarar og stjórnendur aðstoðað nemendur og foreldra.

### Undanþágur frá valgreinum

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er skólastjóra heimilt að meta þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám í valgreinum á unglingsstigi. Í Garðaskóla geta nemendur óskað eftir slíku svigrúmi með því að velja valfagið TÓM (3102) í Innu og jafngildir það tveimur valstundum á viku. Til staðfestingar þurfa nemendur að auki að skila inn umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu [skólans](#). **Það þarf að berast skólanum fyrir 6. september 2019.** Áður en umsóknareyðublaðinu er skilað til deildarstjóra í Garðaskóla er nauðsynlegt að starfsmaður viðkomandi félags kvitti á umsóknareyðublaðið fyrir því starfi sem unnið er og staðfesti þar með ábyrgð sína á því.

## Valið fyrir 2019-2020 í hnotskurn fyrir 10. bekk

Allir nemendur velja a.m.k. eina list- eða verkgrein (bundið val):

- Boðið til veislu
- Fatahönnun 2
- Forritunar og hönnunarkeppni grunnskóla
- Hljóðfæri- og hljómsveitarkennsla
- Hönnun og tækni 2
- Iðnfræði
- Kór
- Leir, skúlpúr, hönnun
- Lopapeysan
- Lærum að forrita saman
- Myndasögugerð
- Myndlist
- Myndskreytingar og sögugerð
- Nýsköpun og vörubrúun
- Skartgripagerð
- Smíði og nýsköpun
- Verk- og listgreinaval Tækniskólans í Hafnarfirði

Nemendur í 10. bekk eiga að velja 10 valgreinar í aðalval. Ekki skal tilgreina varaval.

Valið fer fram í Innu ( <https://www.nam.inna.is> ) dagana 28. febrúar -8. mars.

## Valið fyrir 2019-2020 í hnotskurn fyrir 9. bekk

Allir nemendur velja a.m.k. eina list- eða verkgrein (bundið val):

- Eldsnögg eldamennska
- Fatahönnun 1
- Forritun og hönnun Eve3 vélmennis
- Hljóðfæri- og hljómsveitarkennsla
- Hönnun og tækni 1
- Iðnfræði
- Kór
- Leir, skúlpúr, hönnun
- Lopapeysan
- Lærum að forrita saman
- Myndasögugerð
- Myndlist
- Myndskreytingar og sögugerð
- Nýsköpun og vörubrúun
- Skartgripagerð
- Smíði og nýsköpun

Nemendur í 9. bekk eiga að velja 6 valgreinar í aðalval. Ekki skal tilgreina varaval.

Valið fer fram í Innu ( <https://www.nam.inna.is> ) dagana 28. febrúar -8. mars.

# Val í Innu

Smellið á "Skólaárið 2019-2020" undir flípanum Val á forsíðunni.

1 Listi opnast sem sýnir öll þau valfög sem nemandinn getur valið fyrir næsta skólaár. Með því að smella á ákveðið fag færist það yfir í gluggann "Aðalval".

2 Allir nemendur þurfa að passa að setja a.m.k. eina list- eða verkgrein í **Aðalval**. Sjá lista í valgreinabæklingi undir "Bundið val".

3 Fjöldi valgreina í aðalvali þarf að ná:  
- 6 valgreinar í 9. bekk.  
- 10 valgreinar í 10. bekk.

4 Röð valfaga í listanum gefur til kynna forgangs röðun nemenda. Hægt er að draga valfög upp og niður til að breyta röðinni.

Smellt er á X til að eyða úr listanum.

Val 2018/19

Fjöldi eininga í aðalvali: 0    Fjöldi kennstunda á viku:    Fjöldi eininga í varavali: 0

Opna námsferil    Vista val

Siðu inn heiti áfangs

Áfang	Heiti	Einingar	Íþrep	Tímar á viku	Undanfærar
AFB102	Afþrekksskóli Stjórnum.	0	0	0	
AFB202	Afþrekksskóli Stjórnum.	0	0	0	
AFB302	Afþrekksskóli Stjórnum.	0	0	0	
AFB402	Afþrekksskóli Stjórnum.	0	0	0	
AD03101	Að rættis líkamann dir.	0	0	1	
ARL101	Að rættis líkamann st.	0	0	1	
BAB102	Barnabækkerið	0	0	0	
BOB1101	Boðið til veislu	0	0	2	
EBL1102	Eðlisfræði	0	0	2	
EKV1102	Enska og kvikmyndir	0	0	2	
EKV3102	Enska og kvikmyndir	0	0	2	
FAT1102	Fatahönnun 10. bekk.	0	0	2	
FEL3103	Félagsmálsfræði	0	0	3	
FOB101	Förum að forna	0	0	2	
FRU1101	Franska	0	0	1	
FRU3101	Frúmkvæðingur og n.	0	0	0	
GOL3102	Golf afþrekksspor	0	0	0	
HEM3101	Heimspaki	0	0	1	
HVA101	Hellaþæði með heilsu.	0	0	2	
HVA1101	Hvítátt - Saga	0	0	0	
HÖB3101	Hönnun og tækni drem.	0	0	1	
HÖN3101	Hönnun og tækni stjúl.	0	0	1	
JAR1101	Jarðfræði Íslands	0	0	0	
KVL3102	Kvikmyndalesti	0	0	2	
LEG1102	Frættilegt leiga k.	0	0	2	
LEG3102	Lega forritun og hönn.	0	0	4	
LOG3102	Leif og gler og önnu.	0	0	2	

Ekki skal tilgreina varaval.

6 Þegar vali er lokið er smellt á "Vista val". Hægt er að fara inn og breyta vali þangað til lokað er fyrir skráningu.



## Boðið til veislu (BOÐ 1101) 10

Kennd er matreiðsla mismundandi rétta, bæði einfaldra og flóknari ásamt réttum sem eiga uppruna sinn að rekja til annarra þjóða. Kennd er gerð aðal/smárétta og eftirrétta, einnig bakstur af ýmsu tagi, svo sem kökubakstur, tertubakstur og brauðbakstur. Lögð er áhersla á góðan anda og góðan mat.

### Markmið:

Nemandi-

- geti lesið úr uppskrift og unnið eftir verkferli hennar
- auki þekkingu, færni og leikni í heimilisstörfum.
- læri að tileinka sér og umgangast þau tæki og áhöld sem notuð eru við matreiðslu mismunandi rétta
- kynnist störfum í eldhúsi við undirbúning og matreiðslu ólíkra veislu- og skyndirétta
- fái innsýn í gerð bæði einfaldra og flóknari rétta svo sem kjötrétta, fiskrétta, smárétta, eftirrétta, brauð og kökubaksturs
- fái innsýn í að leggja mat fallega upp á disk svo maturinn njóti sín sem best hvað varðar litasamsetningu og mismunandi hráefni.
- kynnist mismunandi hráefni og læri að undirbúa og matreiða úr því
- tileinki sér þær reglur sem gilda um hreinlæti og við meðhöndlun mætvæla
- kynnist matarhefðum ólíkra þjóða með réttum og matreiðsluháttum

**Námsmat byggir á símati og gefin er einkunn eftir hvern tíma.**

Matsþættir:

Samvinna, sjálfstæði og ábyrgð

Þekking, færni og frumkvæði

Framkoma og hegðun

Frágangur á vinnusvæði

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf t. skólaárið, einungis verklegt**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 10. bekk**

## Eðlisfræði (EÐL 1102) 10

Í þessum valáfanga verður reynt að auka við þekkingu og skilning nemenda á ýmsum sviðum eðlisfræðinnar. Jafnframt verður rifjað upp og bætt við þekkingu þeirra í efnafræði. Helstu þættir sem verður fjallað um eru t.d. stöðu- og hreyfiorka, varmi, raforka, hljóð, ljós og kjarnorka. Einnig er fjallað um myndbreytingu orkunnar og lögmálið um varðveislu orkunnar. Þá verður rifjuð upp efnafræði frá því í 9.b. og nokkru bætt við. Nokkrum tíma verður varið í að kafa dýpra í námsefni 8. og 9.b. Námsmat er byggt á prófum og verkefnum. Valið hefur sýnt sig að nýtast vel öllum þeim sem hyggjast stunda nám á náttúrufræðibrautum framhaldsskóla sem og áhugafólki um tækni og vísindi. Markmið áfangans er að auðvelda nemendum að hefja nám á náttúrufræðibrautum framhaldsskólanna og um leið að nemandinn öðlist þekkingu og skilning á sem flestum þáttum

náttúrufræðinnar og það nýttist honum til að taka afstöðu til ýmissa álitamála tengdum nýtingu og vernd náttúrunnar. Námsmat: Próf að loknum hverjum námsþætti (kafla) auk mats á verkefnum og skýrslum.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 10. bekk**

## Eldsnögg eldamennska (ELD 9101) 9

Matreiddir eru fljótlegir, einfaldir og næringarríkir réttir. Markmiðið er að gera nemendur færari í að matreiða á einfaldan máta og á stuttum tíma í stað þess að neyta tilbúinna skyndirétta eða versla tilbúnar kökur og brauð.

### Markmið:

Að nemandi

- geti lesið úr uppskrift og unnið eftir verkferli hennar
- auki þekkingu, færni og leikni í heimilisstörfum.
- læri að tileinka sér og umgangast þau tæki og áhöld sem notuð eru við matreiðslu mismunandi rétta.
- kynnist störfum í eldhúsi við undirbúning ólíkra skyndirétta.
- öðlist aukin tækni og þekkingu í að matreiða á fljólegan hátt.
- læri um meðferð matvæla og samsetningu þeirra.
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða hollan og næringarríkan mat.
- þjálfist í mismunandi baksturs og matreiðsluaðferðum.
- kynnist mismunandi hráefni og læri að undirbúa og matreiða úr því.
- tileinki sér þær reglur sem gilda um hreinlæti við matreiðslu og meðhöndlun matvæla.

Námsmat byggir á símati og gefin er einkunn eftir hvern tíma.

Matsþættir:

Samvinna, sjálfstæði og ábyrgð

Þekking, færni og frumkvæði

Framkoma og hegðun

Frágangur á vinnusvæði

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf t skólaárið, einungis verklegt**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. bekk**

## Enska og kvikmyndir 1 (EKV 3102) 10 9

Þessi valáfangi er tilvalinn fyrir nemendur sem vilja auka orðaforða sinn og skilning og þekkingu á menningu/sögu þeirra sem hafa ensku að móðurmáli. Í þessum áfanga er horft á kvikmyndir og sjónvarpsefni og unnin margskonar verkefni út frá þeim. Nemendur afla sér m.a. upplýsinga um

einstaka kvikmyndir, sögu þeirra og gerð. Einnig verða nokkrar greinar kvikmynd s.s. sakamálamyndir, hasarmyndir og ofurhetjumyndir skoðaðar og rætt um hver séu helstu einkenni hvers kvikmyndaforms fyrir sig. Nemendur vinna fjölbreytileg verkefni t.d. veggspjöld, kynningar, styttri ritgerðir og búa til stutt myndskreið. Verkefni verða því bæði skrifleg og munnleg.

### **Markmið**

- Að auka orðaforða og hlustunarfærni í ensku.
- Að þjálfra munnlega og skriflega færni í ensku.
- Að vinna með tungumálið á fjölbreyttan hátt.
- Að auka færni í skipulagi og framsetningu efnis.

### **Námsþættir**

Ýmsar gerðir kvikmynda og sjónvarpsefnis frá Bretlandi og Bandaríkjum Norður Ameríku.

Kennsluáferðir

Innlagnir, umræður, hópvinna og einstaklingsvinna

### **Námsgögn**

Kvikmyndir, sjónvarpsefni og verkefni frá kennara.

### **Námsmat**

Ýmiskonar verkefnaskil eftir hverja lotu alls 100%

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## **Enska og kvikmyndir 2 (EKV 1102)**

10

Þessi valáfangi er ætlaður þeim nemendum sem hafa meðal annars áhuga á að kynna sér hvernig saga enskumælandi landa birtist í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Viðfangsefni tengjast menningu og ýmsum merkisatburðum í sögu þeirra þjóða sem hafa ensku að móðurmáli, auk þess sem um þematengd viðfangsefni af öðrum toga er að ræða. Nemendur afla sér upplýsinga um viðfangsefni, ræða þau og kynna hópnum munnlega og skriflega.

### **Markmið:**

- Fá innsýn inn í sögu og menningu enskumælandi landa
- Að dýpka orðaforða og hlustunarskilning í ensku
- Að auka lesskilning og þjálfra ritfærni
- Að auka skilning og þekkingu á hvernig sagan hefur mótað menninguna og hvernig það birtist síðan í kvikmyndum
- Að taka afstöðu og tjá sig á gagnrýninn hátt um þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir

**Námsmat:** Ýmis verkefnaskil eftir hvert þema

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 10. bekk**

## Enski boltinn (EBO 3101) 10 9

### Markmið:

- Að nemendur nái betri tókum á daglegu máli, orðaforða og málvenjum hvað varðar knattspyrnu með því að þýða af íslensku, eða umorða af ensku, valdar greinar um tengt efni.
- Að nemendur læri að greina aðalatriði frá aukaatriðum og tjá sig á lifandi hátt um efnið.
- Að nemendur fái innsýn í vefsíðugerð og utanumhald um slíka vinnu.
- Að búa til spennandi vefsíðu um áhugamál sitt.

Námsmat: Vinna í kennslustundum og skil skrifaðra greina um viðfangsefnið á ákveðnum tímum sem svo fara inn á vefsíðuna. Bæði verða það greinar um leikna umferð á undan og hvað er framundan í næstu umferð.

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf t skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Fatahönnun 1 (FAT 9102) 9

**Markmið:** Að nemandinn verði fær um að:

- beita helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru í fatasaumi, við útsaum, þrjón og önnur valverkefni.
- skipuleggja eigið vinnuferli. Þ.e. gera lauslega uppdrætti/skissu að verkefni.
- nýta sér sniðblöð og handbækur við hönnun og útfærslu eigin hugmynda.
- útfæra hugmynd yfir í fullunnið verk.

Kennarinn sýnir nemendum hentugar vinnuaðferðir auk þess sem unnið er eftir vinnulýsingum úr bókum og blöðum. Nemendur eru hvattir til að hanna og skreyta verkefni sjálfir eftir eigin hugmyndum. Unnin vélsaumsverkefni þar sem saumuð eru föt sem nemendur útfæra. Farið er yfir hvernig má endurnýta og breyta flíkum á skapandi hátt. Hægt er að velja viðfangsefni en vélsaum eftir áhuga og hæfni svo sem þrjón, hekl, taubrykk, útsaum og fleira. Miðað er við að ljúka tveimur verkefnum á önn auk vinnubókar með tiskuteikningum, sniðum og fleira.

Við námsmat eru verkefni nemenda og allt vinnuferlið lagt til grundvallar. Einnig er tekið tillit til sjálfstæðra vinnubragða, góðrar umgengni og vinnusemi. Þeir sem velja tímafrek þrjónaverkefni er ráðlagt að vinna heima. Fatahönnun 1 hentar jafnt strákum sem stelpum sem hafa áhuga á tísku og vilja geta útfært eigin hugmyndir. Nemendur velja sjálfir að mestu leyti eigin verkefni og kennarinn ráðleggur miðað við hæfni og áhuga.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. bekk**

## Fatahönnun 2 (FAT 1102) 10

**Markmið:** Að nemendur verði færir um að:

- Vinna með snið og uppskriftir.
- Nota sniðblöð, breyta sniðum eftir eigin hugmyndum og sníða.
- Taka líkamsmál, áætla stærðir og átta sig á efnisþörf.
- Vinna hugmyndavinnu og skreyta flík á skapandi og persónulegan hátt.
- Nýta margvíslega miðla til að nálgast upplýsingar.
- Greina sjálfbærni í tengslum við tísku og textíliðnað.
- Sjá um kynningu á hönnuði eða starfsgrein tengdri tísku eða fatagerð.

**Verkefni:** Á haustönn fá nemendur þjálfun í að vinna tiskuteikningar eftir eigin hugmyndum, vinna með einföld snið og sniðbreytingar og sníða og sauma. Miðað er við að tveimur verkefnum sé lokið á önninni.

Á vorönn er í boði að gera sér spariflík með árshátíð í huga. Nemendur vinna sjálfstætt að hönnun og útfærslu á flík með áherslu á hugmyndavinnu. Lokaverkefni sem tengist handverki og hönnun er unnið í hópavinnu og flutt í kennslustund. Farið verður á sýningu fatahönnuðar eða í vettvangsferð þar sem sýnd er íslensk hönnun.

Námsmat: Námsmat til grundvallar einkunnagjöf felur í sér atriði eins og sjálfstæði í vinnubrögðum, skilning og vinnusemi í kennslustundum, umgengni og fullunnar flíkur. Ferilmappa endurspeglar vinnu vetrarins. Aukið nám í fatahönnun hentar jafnt strákum sem stelpum sem hafa gaman af að hanna og sauma eða vilja læra það. Einnig þeim sem stefna á listnámsbrautir framhaldsskólanna.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 10. bekk**

## Félagsmálaval (FÉL3102) 10 9

Félagsmálafræði er ábyrgðarmikil og tímafrek vinna og aðeins fyrir þá sem eru áhugasamir og tilbúnir að vera í forystu um öflugt félagslíf í skóla og félagsmiðstöð.

Athugið að valið er ekki frjálst heldur háð samþykki og samkomulagi við stjórnendur. Nánari upplýsingar eru hjá umsjónarmönnum Garðalundar.

**Gildir sem 2 kennslustundir í vali.** Athugið að innlögn og fundir eru að meðaltali 1-2 kennslustundir á viku auk þess sem gera má ráð fyrir tíma sem fer í viðburðastjórnun og framkvæmd skemmtana og dagskrár á vegum nemendafélags.

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.**

## Fjallamenska og gönguferðir (FJA 3102) 10 9

Nemendur læra meginatriði útivistar og fjallamennsku, kynnast réttum búnaði, hegðun og öryggisreglum. Að rata með áttavita, lesa af landakorti, notkun GPS búnaðar í gönguferðum og hjálþ í viðlögum. Nemendur vinna hópverkefni og taka að sér leiðsögn um afmörkuð svæði í ferðum. Farið verður í styttri gönguferðir í nágrenni Garðabæjar en lengri ferðir eru dagsferðir á suðvesturlandi. Valfagið hentar bæði reyndu og óreyndu fjallafólki. Gönguferðir eru oftast einu sinni í mánuði, á laugardögum (fer eftir veðri) en einnig verða stakir, bóklegir tímar þegar hópverkefni eru unnin.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið** að jafnaði.

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Forritunar og hönnunarkeppni grunnskóla (FOH 1102) 10

Stutt lýsing á námskeiðinu og dæmi um helstu hæfniviðmið. Uppbygging námsmats/matsviðmið  
Nemendur taka þátt í forritunar og hönnunarkeppni grunnskóla (First Lego League á Íslandi). Nemendur hanna vélmenni í kringum Eve3 tölvukubbinn frá Legó og nota til þess legokubba. Þeir forrita svo vélmennið til að leysa þrautir í fyrirfram ákveðinni þrautabraut. Einnig vinna nemendur að þemaverkefni keppinnar en á hverju ári er kynnt til leiks nýtt þema. Mikið reynir á samvinnuhæfni í þessari valgrein, frumkvæði, sköpun og hönnun. Einnig þjálfast nemendur í að koma fram, skiptast á skoðunum og finna launir á vandamálum bæði sjálfstætt og sem lið. Garðaskóli vann þessa keppni árið 2017 og fóru nemendur skólans erlendis að keppa í framhaldinu. Árið 2018 lenti skólinn í 2. sæti og vann verðlaun fyrir þemaverkefnið.

**Kennslustundir eru 4 á viku á haustönn**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 10. bekk**

## Forritun og hönnun Eve3 vélmennis (FOH 9101) 9

Stutt lýsing á námskeiðinu og dæmi um helstu hæfniviðmið. Uppbygging námsmats/matsviðmið:  
Nemendur hanna vélmenni í kringum Eve3 tölvukubbinn frá Legó og nota til þess legokubba. Læra að nota Mindstorm forrit Lego. Þeir forrita svo vélmennið til að leysa þrautir í fyrirfram ákveðinni þrautabraut og kynnast FLL keppninni (Forritunar og hönnunarkeppni grunnskóla). Nemendur þjálfast í frumkvæði, skapandi hugsun, skipulögðum vinnubrögðum og samvinnuhæfni.

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. bekk**

## Franska og frönsk menning (FRA 1101) 10

**Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn:**

- fái kynningu á franskri tungu, læri að kynna sig og segja frá á einfaldan hátt í nútíð
- fái kynningu á grunnhugtökum í franskri málfræði
- öðlist örlítinn grunnorðaforða í frönsku
- kynnist Frakklandi og franskri menningu.
- fái undirbúning undir frekar frönskunám, t.d. í framhaldsskóla

Námsmat: Tvö skrifleg verkefni og ein munnleg kynning

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði í 10. bekk**

## Golf GKG (GOL 3101) 10 9

Garðaskóli í samvinnu við GKG (golfklúbb) býður golfþjálfun sem valgrein. Námskeiðið er ætlað reyndum golfurum með það að markmiði að þjálfar sig enn betur. Unnið verður eftir markvissum einstaklingsáætlunum. Þátttakendur þurfa að eiga sjálfir golfsett. Þjálfarar GKG sjá um kennslu í aðstöðu GKG við Vífilsstaði.

Markmið og hæfniviðmið eru sett í samræmi við námskrár íþróttahópa í FG. Áhersla er lögð á góða ástundun og mætingu. Þekking á íþróttinni er metin sem og framfarir í verklegu námi.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat þjálfara byggir á markmiðum hvers nemanda.

**Umsjón með valgreininni:** Úlfar Jónsson, PGA golfkennari og íþróttastjóri GKG

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk**

## Heilsuæði með heilsufæði (HMH 3101) 10 9

Námskeiðið snýst um heilsu og hvernig hægt er með heilbrigðu lífni og jákvæðu hugarfari að gera líf okkar ennþá betra og ánægjulegra. Grunnatriði lýðheilsufræðinnar verða skoðuð og hvernig hægt er að auka lífsgæði með því að hugsa vel um heilsuna. Nemendur læra að matreiða eftir hollum uppskriftum. Fjallað verður um hvað einkennir hollan mat. Lærum að lesa aftan á umbúðir og hvernig hægt er að breyta uppskriftum til að gera þær heilsusamlegri. Búum saman til hollan morgunmat, heilsudrykki og heilsunasl. Þá verður slökun og hugleiðsla gegnum gangandi í þessum áfanga. Stefnir verður á að heimsækja áhugaverða staði sem að snúa að heilsu og heilbrigði.

**Markmið námskeiðsins er:** Að auka þekkingu nemenda á hvaða þættir hafa áhrif á heilsu, hvernig förum við að því að lifa heilbrigðara lífi. Getum við aukið lífsgæði okkar með því að hugsa vel um líkama og sál?

**Námsmat:** Eftir hverja kennslustund er gefin vinnueinkunn sem samanstendur af virkni í tímum og verkefnavinnu í tíma (símat). Nemendur skrifa dagbók þar sem að þeir skrá niður hvað gert var í tíma og þeirra upplifun af því.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

**Kennslustundir eru 2 stundir á viku hálf skólaárið.**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk.**

### Heimanám í stærðfræði (STÆ 3101) 10 9

Markmið áfangans er að hjálpa nemendum með heimanámið í stærðfræði. Það hefur færst í aukana að nemendur geti ekki fengið hjálp með heimanámið í stærðfræði og því nauðsynlegt að bjóða upp á þetta valfag til að nemendur nái betri tókum á þessari mikilvægu grein.

**Markmið:** Að aðstoða nemendur við heimanámið í stærðfræði

**Námsmat:** Ekkert námsmat

**Kennslustundir eru 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

### Heimspæki (HEM 3101) 10 9

Í heimspæki er áhersla lögð á að nemendur taki þátt í gagnrýninni samræðu í tímum. Textar, kvikmyndir, listaverk, tónlist, dæguferni o.fl. verður lagt fram til að vekja upp spurningar. Spurningar eru ræddar og í þeim þælt og draga nemendur ályktun um efnið sem um er fjallað. Nemendur munu einnig leggja gagnrýnið mat á eigin þátttöku og framlag og hópsins.

Byrjað verður á því að kynna sígild viðfangsefni heimspækinar, t.d. rökfræði, siðfræði og þekkingarfræði. Þegar líður á veturinn munu umræðuefni ráðast meira af áhuga hópsins. Dæmi um spurningar sem teknar hafa verið fyrir eru:

„Hvernig skilgreinum við heiðarleika?“

„Eru kvikmyndir list?“

„Til hvers erum við í skóla?“

„Berum við ábyrgð á loftslagsbreytingum?“

„Hvað er jafnrétti?“

Stefnt er að því að nemendur vinni eitt stórt verkefni á skólaárinu þar sem þeir taka fyrir hugmynd að eigin vali og útfæra hana ítarlega. Námsmat byggir að miklu leyti á virkni og frammistöðu í tímum.

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**



## Hjólakraftur (HJÓ 3102) 10 9

Garðaskóli, í samvinnu við Þorvald Daníelsson ([valdi@hjolakraftur.is](mailto:valdi@hjolakraftur.is)) býður nemendum upp á námskeið í Hjólakrafti. Áhersla er lögð á hreyfingu og að hver þáttakandi takist á við áskoranir og upplifi að hann/hún geti klárað þau verkefni sem lagt er upp með. Valfagið hentar bæði reyndu og óreyndu hjólafólki. Nánar má lesa um Hjólakraft á vefsíðu þeirra: <http://hjolakraftur.com/>.

Nemendur þurfa að koma með búnað þá daga sem æfingar verða: reiðhjól, hjálmur, smáforritið STRAVA uppsett í snjalltæki, <https://www.strava.com/>

**Námsmat:** Áhersla er lögð á góða ástundun og mætingu.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Hlaðvarp/Podcast (HLA 3101) 10 9

Hlaðvarp er frekar nýr miðill sem hefur slegið rækilega í gegn en í stuttu máli er hlaðvarp nokkurs konar útvarps þáttur sem aðgengilegur er á netinu. Í þessu námskeiði kynnst nemendur hlaðvarps forminu betur með það að markmiði að búa til hlaðvarps þætti. Nemendur læra að afla sér upplýsinga um ákveðin málefni og miðla sögu með hjálp tónlistar, viðtala og almennar söguuppbyggingar. Markmið námskeiðsins er að nemendur finni sína rödd og getið miðlað sögum eða upplýsingum á markvissan og skemmtilegan hátt öðrum og sér til ánægju.

**Hæfniviðmið:**

- Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
- Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu.
- Tjáð sig um skoðanir sínar tilfinningar, reynslu og þekkingu

Námsmat byggist að leiðsagnarmati kennara og sjálfsmati nemenda.

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf t skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Hljóðfæra- og hljómsveitarkennsla (HLJ 3102) 10 9

Skyggst inn í heim tónlistarinnar. Kennst er í 8 til 12 manna hópum. Ekki er nauðsynlegt að nemandi hafi stundað nám á hljóðfæri áður. Hljóðfæri eru sköfðuð af Tónlistarskólanum/Garðaskóla og því ekki nauðsynlegt að nemandinn eigi hljóðfæri sjálfur. Ef nemandi þarf að undirbúa sig fyrir komandi tíma getur hann nýtt sér hljóðfæri skólans utan kennslutíma stofunnar. Kenndir er grunnþættir á fjögur algengustu hljóðfæri rytmatónlistar (popp og rokk), hljómborð/piano, gítar, bassa og trommur. Kennarar leiðbeina og aðstoða við samsetningu á hljómsveitum. Tekin eru fyrir lög sem henta hverju

bandi og hópum og er það í nær öllum tilvikum e-ð sem nemendur kannast við eða þekkja. Tekið er þátt í a.m.k. þremur tónleikum og spilað afurðir vetrarins. Engin skilyrði þarf að uppfylla til að sækja um þennan áfanga Áfanginn er unnin í samvinnu við Tónlistarskóla Garðabæjar

Kennari á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar kenna áfangann Hljóðfæra og Hljómsveitarkennsla.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Hönnun og tækni 1(HÖN 9101) 9

**Námsþættir:** Hönnunarferlið og lausnamiðuð vinnubrögð í tengslum við sýndarveruleika, rafrásir, örtölvur, myndvinnslu, myndbandavinnslu og þrívíddarprentun. Einföld forritun sem birtist í t.d. textílhönnun, smáforritahönnun og vélmennahönnun. Nemendur kjósa í upphafi annar um þau þemu sem unnið er eftir.

Markmið er að nemendur kynnist því ferli sem einkennir hönnun á flestum lausnum og vörum í nútíma samfélagi og læri að nýta upplýsingatækni til framsetningar á efni á skapandi hátt. Námsmat er byggt á skilaverkefnum.

Hæfniviðmið, að nemandi geti:

- unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu,
- unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum,
- nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. bekk**

## Hönnun og tækni 2(HÖN 1101) 10

**Námsþættir:** Hönnunarferlið og lausnamiðuð vinnubrögð í tengslum við sýndarveruleika, rafrásir, örtölvur, myndvinnslu, myndbandavinnslu og þrívíddarprentun. Einföld forritun sem birtist í t.d. textílhönnun, smáforritahönnun og vélmennahönnun. Nemendur kjósa í upphafi annar um þau þemu sem unnið er eftir.

Markmið er að nemendur kynnist því ferli sem einkennir hönnun á flestum lausnum og vörum í nútíma samfélagi og læri að nýta upplýsingatækni til framsetningar á efni á skapandi hátt. Námsmat er byggt á skilaverkefnum.

Hæfniviðmið, að nemandi geti:

- unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu,
- unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum,
- nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf skólaárið**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði fyrir 10. bekk**

## Iðnfræði (3102) 10 9

Í iðnfræði er áhersla lögð á eftirfarandi tæknigreinar: Rafmagn, húsagerð, smíðar, bílgreinar, málmsmíði og hönnun. Nemendur tileinka sér aðferðir og tækni iðngreinanna og er kennslan að mestum hluta verkleg en einnig er farið í vettvangsferðir t.d. í Tækniskólann, á verkstæði iðngreinanna sem og í efnis- og tækjasölur.

Um prófalausán áfanga er að ræða en námsmat tekur mið af virkni, áhuga og ástundun.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Íslendinga sögur (ÍSL 3101) 10 9

Í áfanganum lesum við eina eða tvær Íslendinga sögur - jafnvel fleiri ef tími vinnst til. Áherslan verður á að njóta sagnanna en við skoðum líka byggingu þeirra, persónulýsingar og fleira, m.a. sögusvið.

Engin heimavinna verður í áfanganum og ekki heldur próf.

Hæfni verður metin með verkefnum sem unnin verða í kennslustundum og þátttöku í umræðum.

Markmiðið með áfanganum er að nemendur kynnist fornbókmenntum okkar betur og læri að njóta þeirra.

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Jafnréttisfræðsla (JAF 3101) 10 9

Í þessu námskeiði munu nemendur byrja á því að kynna sögu jafnréttisbaráttunnar og í kjölfarið verða ákveðnir mikilvægir þættir jafnréttis skoðaðir. Hugtök eins og jafnrétti, femínismi, mannréttindi, staðalmyndir, klámvæðing, eitruð karlmennska og kynlegur fjölbreytileiki verða tekin fyrir. Velt verður vöngum yfir mikilvægi jafnréttisbaráttu og þess að vera meðvituð um jafnrétti.

Námsmat byggir að miklu leyti á virkni og þátttöku í umræðum. Einnig munu nemendur vinna eitt rannsóknarverkefni um efni tengt jafnrétti sem nemendur mega skila með ólíkum hætti, t.d. sem ritgerð, kynningu, veggspjaldi eða annarri útfærslu í samráði við kennara.

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Kór (KÓR 3102) 10 9

Viltu syngja í kór Garðaskóla? Valáfanginn er kjörið tækifæri fyrir strákar og stelpur sem vilja vera með í því skemmtilega verkefni að stofna kór Garðaskóla. Tilvalið fyrir alla þá sem hafa gaman af tónlist og söng. Ekkert hefðbundið heimanám en gerðar eru kröfur um góða mætingu í kennslustundir og þátttöku í viðburðum, svo sem afmæli skólans, jólagleði og útskrift nemenda.

**Markmið:**

- Að auka vægi tónlistar og menningar innan skólans
- Að nemendur upplifi þá gleði sem felst í söng og kórastarfi
- Að þjálfarar nemendur að koma fram með kórnum

**Námsmat:** Virkni og áhugi

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Kvikmyndalæsi (KVL 3102) 10 9

Nemendur fá innsýn í hvernig kvikmyndir eru byggðar upp, m.a. út frá atburðarás og sköpun persóna. Um leið læra þeir að lesa í aðra þætti, eins og myndmál og tákni, sem nemendur geta nýtt sér til að skoða ýmislegt í sínu daglegu umhverfi með gagnrýnum og skapandi huga. Nemendur þurfa að vera reiðubúnir að skoða myndir og ræða með mjög opnum huga og færa rök fyrir máli sínu.

Teknir eru fyrir nokkrir af áhugaverðustu kvikmyndaleikstjórum sögunnar og horft á myndir frá ýmsum löndum. Markmiðið er að gefa nemendum eins mikla innsýn í töfra kvikmyndanna og völ er á um leið og þeir þjálfast í víðara samhengi í færni eins og myndlæsi og rökhugsun.

Stefnt er að því að einn íslenskur kvikmyndaleikstjóri komi í heimsókn til að segja frá eigin upplifun af

Þessum heillandi en harða „bransa“.

**Námsmat:** Byggir á símati og verkefnum, bæði einstaklings- og hópverkefnum. Hugsanlega verður eitt próf.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

### Leir – skúlpúr – hönnun (LSH 3102) 10 9

Í áfanganum verður unnið með leir og leirmót, teikningu og þrívíðan

skúlpúr og einföld hönnunarverkefni. Farið verður í vettvangsferðir á söfn og hönnuðir heimsóttir eða hönnunarbúðir.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur geti skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar, unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði í tví- og þrívítt verk og beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum hverju sinni.

Stuðst verður við leiðsagnarmat og samtal kennara og nemanda.

Efniviður: Leir, gifs, viður, gler

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

### Leiðtogafærni (LEI 3101) 10 9

Leiðtogafærni er námskeið sem miðar að því að efla jákvæða leiðtogafærni nemenda og kynna þau fyrir ýmsum verkfærum og verkefnum til að efla sinn innri leiðtoga. Námskeiðið byggir á

hugmyndafræði frá Vöndu Sigurgeirsdóttur um leiðtogafraeðslu. Unnið verður eitt góðgerða verkefni en það verður unnið í samræmi við nemendur, þeir velja það í samráði við kennara. Fengin verður gestafyrirlesari sem hefur unnið að leiðtogabjálfun um allan heima.

**Markmið:**

- Að nemendur verði besta útgáfan af sjálfum sér

**Námsmat:**

- Umræður og verkefni

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Líffræði mannsins (LÍF 1102) 10

Í þessum valáfanga verður kafað dýpra í líffræði mannlíkamans. Tekin verða fyrir öll helstu líffæri og líffærakerfi og starfsemi þeirra rannsökuð nánar. Við munum kanna úr hverju við erum saman sett og rannsaka hvernig mismunandi hlutar líkama okkar vinna saman. Mannlíkaminn er ótrúlegt fyrirbæri sem er bæði gagnlegt og gaman að öðlast betri skilning á.

Við lok námskeiðsins munu nemendur hafa öðlast grunnþekkingu á uppbyggingu og starfsemi mannlíkamans. Það nýtist vafalaust þeim sem stefna á náttúrufræðibraut í framhaldsskólum sem og öllum sem vilja þekkja betur inn á eigin líkama.

Áfanginn er próflaus en námsmat byggir að mestu leyti á virkni í kennslustundum og verkefnavinnu/tilraunum.

Dæmi um helstu hæfniviðmið:

- Nemandi getur lýst gerð og starfsemi einstakra líffæra (t.d. heila) og kerfa (t.d. taugakerfi)
- Nemandi getur útskýrt hvernig mismunandi líffæri og líffærakerfi starfa saman
- Nemandi getur gert grein fyrir byggingu og starfsemi frumna

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði fyrir 10. bekk**

## Ljósmyndun (LJÓ 3101) 10 9

Í námskeiðinu verður farið í og kennd tækni sem atvinnu ljósmyndarar nota. Tækni eins og að láta ljósið vinna með sér, þriðjungareglan, myndbygging, micro/macro, myndvinnsla, portrait, landslagsmyndir, ípróttamyndir, blaðaljósmyndun og margt fleira. Farið verður í vettvangsferðir á fjölmiðil, á ljósmyndastofu og farið á ljósmyndasýningu.

Ætlast er til að nemendur séu með eigin myndavélar – má vera sími.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- auki skilning sinn á því hvernig myndavélar virka
- læri að nýta tækni sem hjálpar þeim að taka betri myndir
- læri grunn í eftirvinnslu í myndvinnsluforritum
- læri tækni við portrait, landslagsmyndir, ípróttamyndir, blaðamyndir, hversdaglegar myndir

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Lopapeysan (PRJ 3101) 10 9

**Markmið:** Að nemandi:

fái grunnþjálfun í prjóni og nái að bæta við þá kunnáttu sem fyrir er.

þjálfist í að lesa uppskriftir á íslensku, vinna eftir þeim og aðlaga.

læri að njóta þeirrar slökunar sem felst í því að geta þrjónað.

geti þrjónað og horft á mynd eða þætti og munum láta á það reyna um leið og þrjónað er.

Verkefni:

Stefnt er að því að allir nái að þrjóna sér sína eigin lopapeysu á skólaárinu. Þar er hægt að fara einfalda leið til að ná markmiðinu eða velja flóknari uppskrift.

Námsmat: Felst aðallega í vinnusemi í tímum og heima, sjálfstæði í vinnubrögðum, því að ná tökum á og skilja uppskriftir og geta farið eftir þeim.

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. Bekk**

## Lærum að forrita saman (FOR 3101) 10 9

Stutt lýsing á námskeiðinu og dæmi um helstu hæfniviðmið. Uppbygging námsmats/matsviðmið:

Nemendur læra forritun í gegnum kennsluvefina Khan academy og Code Combat. Áhersla er lögð á Java forritunarmál. Einnig kynast nemendur Unity sem er eitt helsta forritið sem notað er í tölvuleikjagerð í dag. Námsmat tekur mið af frumkvæði, virkni og áhuga nemenda.

Fjöldi kennslustunda á viku: 1 kennslustund

Athuga: Ef nemendur 10. bekkjar hafa verið í þessum áfanga árið áður geta þeir ekki valið hann aftur.

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf t skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Málfræðigrunnur (MÁL 3101) 10 9

Í áfanganum verður lögð áhersla á að styrkja grunn nemenda í málfræði. Við skoðum m.a.

orðflokkan og einkenni þeirra, orðhluta, hljóðbreytingar og setningarhluta. Einnig verður fjallað um málnotkun o.fl.

Vinnan fer að nokkru leyti fram í gagn-virkum forritum en einnig í annarri verkefna-vinnu og umræðum um viðfangsefnið. Engin heimavinna verður í áfanganum.

Í Málfræðigrunni eru engin próf en hæfni verður metin með fjölbreyttum verkefnum sem unnin verða í kennslustundum.

Markmiðið með áfanganum er að nemendur fái betri grunnþekkingu í helstu þáttum málfræðinnar.

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Myndasögugerð (MGE 3101) 10 9

Í áfanganum kynntar nemendur ýmsum aðferðir og hugmyndir í myndasögugerð. Lögð verður áhersla á hugmyndavinnu og munu nemendur gera sínar eigin myndasögur. Skoðað verður hvernig texti og myndir vinna saman og hvaða leiðir eru í boði til að koma myndrænum sögum sem best á framfæri. Farið verður yfir ákveðin grunnatriði sem tengjast myndlæsi eins og myndbyggingu, notkun og merkingu lita og formfræði. Einnig verður kynnt hvernig myndasagan bæði erlend og íslensk hefur þróast sem listform í gegnum tíðina, helstu listamenn og verk þeirra. Lögð verður áhersla að virkja ímyndunarafl og sköpunargleði nemenda með margskonar kveikjum í formi leikja.

### Í lok áfanga geta nemendur:

- Beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni til að miðla sögum.
- Greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndasögum.
- Gagnrýnt af þekkingu, sanngirni of virðingu eigin verk og annarra.

**Námsmat:** Nemendur safna verkum sem unnin eru í tíma í möppur. Í lok áfanga leggur kennari í samtali við nemenda mat á verkin (leiðsagnarmat). Einnig byggist námsmatið á sjálfsmati nemenda.

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf t skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Myndlist (MYN 3102) 10 9

Margbreytileiki í myndlist. Unnið verður með teikningu, málun, grafík og fl.. Markmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðum við sjónræna sköpun sem eflir þá í sjálfstæði í vinnubrögðum. Lögð er áhersla á gagnrýna og skapandi hugsun með samræðum við nemendur um þeirra eigin verk og annarra. Nemendur fá fræðslu í listasögu samhliða verkefnavinnu og er sjónum beint að gagnrýnu hlutverki sjónlista í samfélaginu.

Í lok skólaársins vinna nemendur að lokaverkefni að eigin vali og nota það efni sem þeir hafa mestan áhuga á. Gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat er byggt á skilaverkefnum og sjálfsmati nemenda í tengslum við verkefni.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Myndskreytingar og sögugerð (MOS 3101) 10 9

Í áfanganum fá nemendur tækifæri til að myndskreyta og semja sínar eigin sögur. Skoðað á hvaða hátt texti og myndir vinna saman og aðferðir í sögugerð. Farið verður yfir ákveðin grunnatriði myndlæsi eins og myndbyggingu, notkun og merkingu lita og formfræði nýta sér tækni Kennari hjálpar nemendum að koma sér að stað og notar til þess teiknileiki sem miða að því að virkja sköpunar og ímyndunar afl nemenda.



### **Hæfnisviðmið:**

Í lok áfanga geta nemendur :

Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki.

Beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni til að myndgera sögu.

Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.

Námsmat:

Nemendur safna verkum sem unnin eru í tíma í möppur einnig vinna nemendur eitt lokaverk. Í lok áfanga leggur kennari í samtali við nemenda mat á verkin (leiðsagnarmat). Einnig byggist námsmatið á sjálfsmati nemenda.

### **Kennslustundir eru 2 á viku hálf t skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

### **Nemendaráðgjöf (NEM 3101)**



Nemendaráðgjöf er m.a. byggð á þeirri hugmynd að unglingar leita oft til vana eða jafningja ef þeir eru í vanda eða þurfa að taka einhverja mikilvæga ákvörðun. Nemendaráðgjöf felst í því að nemendur skólans bjóða sig fram til að vera nemendaráðgjafar eða velja það í vali og eru í framhaldinu valdir í hlutverkið eftir viðtal við námsráðgjafa. Hlutverk nemendaráðgjafa í Garðaskóla verður m.a. að styðja og aðstoða einstaka nemendur, sinna fræðslu, vinna að bættum samskiptum og aðstoða nýja nemendur skólans. Frekari verkefni verða valin í samráði við nemendaráðgjafa hverju sinni en þeir starfa með og undir leiðsögn námsráðgjafa skólans. Þeir sem taka að sér að vera nemendaráðgjafar þurfa m.a. að:

- láta sér annt um líðan annarra
- vera heiðarlegir og traustir
- hafa áhuga á að góður andi ríki í skólanum
- vera tilbúnir að vera með jafningjafraeðslu
- vera góðar fyrirmyndir fyrir jafnaldra sína

Verkefni nemendaráðgjafa síðustu ár hafa m.a. verið: Kynning á Garðaskóla fyrir nemendum í Flata- og Hofstaðaskóla, móttaka nýrra nemenda, taka á móti gestum og sýna skólann, vinna gegn einelti, fræða yngri nemendur um einelti ofl., hlúa að félagslega veikari nemendum, fylgjast með því sem betur má fara í skólanum.

### **Kennslustundir er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Nýsköpun og vöruþróun (NÝS 3101) 10 9

Ef þú lítur í kringum þig sérðu margs konar hlutir sem létta þér lífið og krydda tilveruna. Allir þessir hlutir byrjuðu sem hugmynd hjá einhverjum sem síðan þróaði þá hugmynd og settu hana í framkvæmd. Þetta er meginhugmyndin á bakvið nýsköpun og vöruþróun.

Áhersla er á skapandi hugsun, hugmyndavinnu og uppfinningar. Nemendur eru hvattir til samvinnu, sem og sjálfstæðis í vinnubrögðum og fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar og hugsa út fyrir rammann. Nýsköpunaræfingar verða nýttar til undirbúnings stærra verkefnis í lok annar þar sem nemendur fá að þróa eigin hugmynd, vinna þarfagreiningu og útfæra hönnunina.

**Námsmat:** leiðbeinandi námsmat og verkefnamappa/skissubók.

Hæfniviðmið, að nemandi geti:

- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið
- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf skblaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. Bekk**

## Rafmögnuð tónlist (RAF 3101) 10 9

Í þessu námskeiði kynnast nemendur að rafræni tónlist og leiðum til að koma frumsamdri tónlist sinni á framfæri. Farið verður yfir hvað forrit eru í boði. Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa fengið góðan grunn í frumþáttum tónlistar og upptökufæri og eiga að geta unnið sjálfstætt frá hugmynd til lokaafurðar. Nemendur þurfa einnig að hanna plötuumslag sem gæti stutt við tónlistina sína.

**Hæfniviðmið: Í lok verkefnis getur nemandi:**

Túlkað og flutt verk annarra.

Verið leiðandi í samstarfi og lagt sitt af mörkum til að hópurninn komist að sameignlegri niðurstöðu.

Rökstutt lagaval út frá eigin smekk og fagurfræði.

Geta nýtt sér og notað grunnþætti upptökutækni.

**Kennslustundir eru 1 á viku hálf skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Royal København (CHP 1102) 10

**Markmið og hæfnisviðmið með valfaginu er að nemandinn:**

- Fá betri innsýn inn í danska menningu og lífinu í Kaupmannahöfn. Þjálfa munnlega færni í dönsku.
- Læri að skipulegga ferð með tillit til kostnaðar.

Unnið verður með áhugavöt unglínganna sjálfra. Hópurinn ákveður sjálfur hvað verður kennt og með aðstoð kennara. Það gæti t.d. verið danskar kvikmyndir (kvikmyndahátíð Bío Paradís) dönsk tónlist, danskur matur, danskar borgir, danskar bókmenntir, dönsku menning og kennileiti og vinna með ýmis öpp og ýmislegt annað sem áhugi er fyrir.

Valfagið er kjörið fyrir þá sem vilja auka þekkingu sína á danski menningu auka orðaforða og kynnast dönskum siðum og venjum. Skipulegga skemmtilega ferð til Kaupmannahafnar með því að taka þátt í fjáröflun af ýmsu tagi.

Námsmat byggist á virkni og vinnuframlagi nemenda í tímum. Ekki er prófað í valfaginu.

Kennt allt skólaárið endar með ferð til Danmerkur.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði fyrir 10. bekk**

## Sálfræði (SÁL 1101) 10

**Lýsing á námskeiði:** Á námskeiðinu verður farið yfir helstu atriði sálfræðinnar. Námskeiðið er kennt fyrir og eftir áramót, ein kennslustund í viku. Námskeiðið skiptist í tíu lotur, hver með sitt þema. Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir í námskeiðinu, allt frá umræðum yfir í verkefnavinnu. Einnig er áhersla á leiðbeinandi kennsluhætti.

**Námsmat** byggist á vinnuöppu sem er unnin gegnum allt námskeiðið. Vinnuöppu er skilað í lok hvorrar annar. Virkni/þátttaka í tímum er einnig metin.

**Markmið og hæfni:**

- að nemandi kynnist grunnatriðum Sálfræðinnar,
- að nemandi taki þátt í umræðum og þjálfist í gagnrýnni samræðu,
- að nemandi þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og í samvinnu,

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði fyrir 10. bekk**

## Síðari heimsstyrjöldin (SHE 1102) 10

Farið verður dýpra í sögu síðari heimsstyrjaldarinnar heldur en 9. bekkjar námsefnið gerir. Í þessu námskeiði er farið ítarlega í orsakir og afleiðingar stríðsins, gang þess, stærstu orrustur, stærstu atburði og mikilvægustu einstaklinga.

Sérstök áhersla er lögð á notkun myndmiðla (kvikmyndir og þættir). Í kjölfarið eru umræður og verkefni. Engin próf eru í námskeiðinu en verkefni verða til grundvallar lokaeinkunnar.

### Markmið námskeiðsins er að nemendur

- Nemandi öðlist djúpstæða þekkingu á síðari heimsstyrjöldinni
- Nemandi vinni með það efni stríðsins sem hann hefur mestan áhuga á og þrói þekkingu sína áfram undir handleiðslu kennara og kynni að lokum fyrir hópnunum
- Nemandi taki þátt í umræðum um efnið og sýni fullan áhuga

### Fyrirkomulag

Farið er í efnið eftir lotum:

- 1) Bandamenn í Evrópu (Band of Brothers)
- 2) Hlið Þýskalands (Unsere Mütter, Unsere Väter)
- 3) Bandamenn í Kyrrahafinu (Bridge on the River Kwai)
- 4) Helförin (Schindler's List / The Pianist)
- 5) Sovétríkin á Austurvígsstöðvunum (Enemy at the Gates)
- 6) Adolf Hitler (The Rise of Evil & Der Untergang)
- 7) Kynningar á verkefnum

### Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið

Þessi áfangi er eingöngu í boði fyrir 10. bekk

## Skartgripagerð og föndur í smíðastofunni (SKA 3101) 10 9

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á að föndra allskonar hluti úr allskonar efnum. Hanna skartgripa eða sambærilega hluti úr málmum eða annarskonar efnum. Nemendur hanna og smíða eftir sínum eigin hugmyndum. Hér er lögð áhersla á að vera skapandi og þá eru möguleikarnir óþrjótandi hvað hægt er að gera.

Þar sem kennslan er eingöngu verkleg er virkni í tímum mikilvæg og góð mæting skilyrði. Verkefnaval er að öllu leiti í höndum nemenda en þó innan ákveðinnar marka.

### Kennslustund er 1 á viku hálf skólaárið

Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk

## Skipulagt tómskundastarf utan skóla (TÓM 3102) 10 9

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er skólastjóra heimilt að meta þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám í valgreinum á unglingsstigi.

Í Garðaskóla geta nemendur óskað eftir slíku svigrúmi með því að velja valfagið TÓM (3102) í Innu og jafngildir það tveimur valstundum á viku. Til staðfestingar þurfa nemendur að auki að skila inn umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu [skólans](#). **Það þarf að berast skólanum fyrir 6. september 2019.** Áður en umsóknareyðublaðinu er skilað til deildarstjóra í Garðaskóla er nauðsynlegt að starfsmaður viðkomandi félags kvitti á umsóknareyðublaðið fyrir því starfi sem unnið er og staðfesti þar með ábyrgð sína á því.

**Er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Slökun (SLÖ 1101) 10

Markmið með slökun: Í þessu valfagi er aðaláherslan lögð á að nemendur kynnist tækni/færni við það að öðlast hugarró. Farið verður í grunnþætti slökunar, mikilvægustu þættir hennar eru djúp öndun og góðar teygjur sem stuðlar síðan að góðu jafnvægi í líkamanum. Teknar verða fyrir stuttar hugleiðslur sem nemendur geta örugglega nýtt sér um ókomna framtíð. Hugleiðslurnar eru að sjálfsögðu endurteknar svo að nemendur nái að festa þær í sessi. Einnig er stefnt að nemendur nái færni í yogastöðum, flæðiæfingum og þjálfist í að framkvæma fjölbreyttar æfingar. Jafnframt vinna nemendur með svokallaðar nuddrúllur. Rúllurnar eru gott tæki til að mýkja stærstu vöðvahópna og viðhalda liðleika. Margir nemendur þekkja þessar rúllur því þær eru orðnar mikilvægur hluti af þjálfun í mörgum íþróttagreinum. Nauðsynlegt er að geta verið innan um aðra nemendur á jákvæðan hátt og kunna að taka tillit til hvors annars. Jafnframt eiga nemendur að geta tekið þátt í uppbyggilegum samræðum.

**Námsmat:** virkni í kennslustundum, samvinna og viðmót. Að nemandi geti tekið þátt í hugleiðsluæfingum og framkvæmt þær æfingar sem unnið er með hverju sinni.

Tímarnir eru verklegir því er gott að mæta í þægilegum klæðnaði/íþróttafötum. Valfagið er ekki kynjaskipt.

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði fyrir 10. bekk**

## Smíði og nýsköpun (SMÍ 3102) 10 9

Smíði og nýsköpun gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handar og upplifa, skapa og tjá sig á þann hátt sem hentar nemandanum í gegnum verkefni sín. Byggt verður ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar tileinkað sér í smíði. Nemendur vinna eitt verkefni eftir gefinni forskrift kennara, síðan velja nemendur sér verkefni sem getur verið nánast hvað sem er úr málm, tré, plast eða því efni sem tilfellur. Lögð verður áhersla á að nemendur hanni og útfæri sín verkefni sjálfir. Í þessum tíma er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir og vinnusamir.

**Markmið og hæfniviðmið** með valfaginu er að nemandinn:

geti valið og þróað eigið verkefni, útfært á skapandi og persónulegan hátt, verið sjálfstæður og ábyrgur í þeirri verkefnavinnu sem fer fram.

**Námsmat:** gefin er vinnueinkunn eftir hvern tíma sem þar sem iðni, vinnubrögð, frumkvæði og framkvæmd verkefna eru metin

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

Stjarnan í samstarfi við Garðaskóla	Fimleikar (FIM 3102)	10	9
Stjarnan í samstarfi við Garðaskóla	Handknattleikur (HAN 3102)	10	9
Stjarnan í samstarfi við Garðaskóla	Knattspyrna (KNA 3102)	10	9
Stjarnan í samstarfi við Garðaskóla	Körfubolti (KÖR 3102)	10	9

Stjarnan býður upp á val fyrir hóp iðkenda í nokkrum deildum félagsins:

fimleikadeild

handknattleiksdeild

knattspyrnudeild

körfuboltadeild

Allir nemendur sem æfa með þessum deildum Stjörnunnar geta sótt um en takmarkaður fjöldi kemst að. Áfangarnir eru ætlaðir þeim sem hafa metnað og vilja til að æfa með félaginu. Kennt er 2 kennslustundir í viku; 1x bóklegur tími, 1x verklegur tími.

Stjarnan mun halda sérstaka kynningu þar sem áfanginn verður auglýstur nánar fyrir iðkendur Stjörnunnar og forráðamenn þeirra. Ef ekki næst næg þátttaka þá gefum við okkur heimild til að fella námskeiðið niður.

Umsjónarmenn námskeiðanna eru yfirþjálfarar hjá Stjörnunni.

**Kennslustundir eru tvær á viku.**

**Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk**

## Tímavélin (TÍM 9101) 9

**Lýsing á námskeiði:** Á námskeiðinu verður sagan skoðuð út frá mörgum sjónarhornum en nemendur munu fá tækifæri til að kynnst persónum og atburðum betur. Aðalmarkmið námskeiðsins er að leika sér með söguna, kafa dýpra í það sem gerðist ásamt því að velta fyrir sér hvernig hún hefði getað orðið. Atriði sem verður farið yfir eru mörg og ólík en tekið er tillit á áhugasviði nemenda einnig. Kennslustundir verða fjölbreyttar og miða að því að tímarnir séu lifandi og skemmtilegir og að nemendur séu ávallt virkir. Lítið verður um fyrirlestra en meira um myndbönd, umræður og fleira.

**Námsmat:** Byggist helst á virkni og þátttöku í kennslustundum. Nemendur vinna lítil verkefni í tímum yfir skólaárið og eitt stórt skapandi verkefni.

**Markmið og hæfni:**

- að nemandi kynnist ólíkum atburðum og persónum í sögunni,
- að nemandi geti horft gagnrýnt á sögunna,
- að nemandi taki þátt og þjálfist í umræðum og samræðu
- 

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. bekk**

## Tónlistarsaga (TÓN 3101) 10 9

Í þessum valáfanga verður leitast við að skoða sögu dægurtónlistar – frá rokki til rapps. Viðfangsefnið er tónlist, tónlistarfólk og tónlistarstefnur. Meðal viðfangsefna verður saga rokksins, poppsins og rappsins. Leitast verður að svara spurningum eins og af hverju er Elvis kallaður konungur roksins? Hvernig hafði sveitatónlist áhrif á rokkið? Hvernig tengist rapp og gospel? Hvaða máli skiptir tónlist í kvikmyndum? Getur tónlist haft áhrif á samfélagið?

Nemendur vinna verkefni um tónlist að eigin vali og kynna fyrir hvort öðru. Námskeiðinu lýkur með því að hópurinn setur á svið tónlistargetraunarþátt. (Þæling í sama anda og poppunktur, s.s. ekki eiginlegt próf heldur eins konar spurningaleikur með ýmsum útfærslum sem ég held að gaman væri að nemendur myndu skipuleggja að miklu leyti sjálfir...

<http://www.ruv.is/sjonvarp/spila/popppunktur/8039>)

Hæfniviðmið væru gagnrýnin hugsun, tjáning ofl.

**Kennslustund er 1 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 9. og 10. bekk**

## Verk- og listgreinaval Tækniskólans í Hafnarfirði (TÆK 1103) 10

Markhópur: 10. bekkingar í grunnskólunum sem vilja kynna frekar vinnulagi og aðferðum í verk- og listnámi til að undirbúa sig fyrir framhaldsnám.

Markmið:

- Að kynna nemendum uppbyggingu iðnnáms og möguleikum framhaldsmenntunar að því loknu.
- Að auðvelda grunnskólanemendum námsval í framhaldsskóla
- Að kynna nemendum helstu tæki og tól sem notuð eru í viðkomandi iðngrein
- Að nemendur kynnist handverki og læri vinnubrögð verknáms.
- 

Öryggisatriði við vinnu á verkstæðum

Viðfangsefnin:

Nemendur kynnast ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotukerfi þar sem hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi sex viðfangsefnum:

1. Listnám (formlistir, sjónlistir)
2. Tréið
3. Málmið
4. Rafið
5. Hársnyrtiið



## 6. Pípulagnir

Hvert viðfangsefni tekur sex vikur, 3 kennslustundir á viku, 3 x 40 mín.

Kennt er einu sinni í viku í Tækniskólanum.

**Þessi áfangi er eingöngu í boði fyrir 10. bekk**

### Verkleg náttúrufræði (NAT 1101) 10

Kennari og nemendur velja sér viðfangsefni, athuga hvaða gögn vantar, framkvæma tilraun/athugun og framkvæma endurmat á því hvað mætti fara betur. Dæmi um verkefni sem kennari velur eru t.d. smíði brúar og krufning brjóstholslíffæra svíns. Nemendur velja önnur viðfangsefni í samráði við kennara.

Vinna nemenda í tímum er metin sem og vinnuseðlar sem þeir skila

Hæfniviðmið

tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi, framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni, lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt, aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum, beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda, kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur, gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum, dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.

**Lykilhæfni**

- Notað miðla af hugkvæmni til að koma þekkingu sinni og leikni á framfæri
- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Tekið virkan þátt í samstarfi
- Tekið virkan þátt í samræðum
- Gert grein fyrir skoðunum sínum á skýran hátt
- Spurt gagnrýninna og rannsakandi spurninga
- Farið eigin leiðir við úrvinnslu verkefna
- Sett sér raunhæf markmið
- Borið ábyrgð á eigin námi.

**Kennslustundir eru 2 á viku hálf t skólaárið**

**Þessi áfangi er í boði fyrir 10. bekk**

## Þýska (ÞÝS 1102)

10

Áfanginn er ætlaður nemendum í 10. bekk sem hafa áhuga á að læra þýsku sem þriðja erlenda tungumál. Lögð verður áhersla á grunnorðaförða og grunnatriði þýskrar málfræði með það að markmiði að nemendur geti skilið einfalda þýsku, talaða og ritaða, og tjáð sig á einfaldan hátt, einkum munnlega.

Ætlast er til að þeir nemendur sem vilja bæta við sig þriðja erlenda tungumáli hafi náð a.m.k. B-færni í ensku og dönsku.

### Markmið:

- að öðlast grunnorðaförða í þýsku
- að læra grunnatriði í þýskri málfræði
- að geta tjáð sig munnlega með þekktum orðaförða og haldið uppi einföldum samræðum
- að geta tjáð sig skriflega á einföldu máli og skilið einfalt ritað mál
- að fræðast um þýskumælandi samfélög

Námsefni: Kennslubók fyrir byrjendur í þýsku, vinnubók og ítarefni frá kennara.

Námsmat: Sjálfspróf, verkefnaskil, virkni í kennslustundum og framfarir.

**Kennslustundir eru 2 á viku allt skólaárið**

**Þessi áfangi er eingöngu í boði fyrir 10. bekk**